



RÍKISSKATTSTJÓRI

[ Fyrirtækjaskrá ]

## LEIÐBEININGAR

vegna breytinga á hlutafélögum og einkahlutafélögum

(Gott er að prenta þetta út og hafa til hliðsjónar)

**Þegar breyta á skráningaratriðum er heppilegast að kanna fyrst hvernig félagið er skráð hjá fyrirtækjaskrá RSK ef einhver vafi kann að leika á um skráninguna, og breyta svo þeim atriðum sem ekki eru rétt miðað við breyttar aðstæður.**

Ef breytingar eru það miklar að eyðublöðin duga ekki má senda fylgiskjöl með og vísa í þau. Fylgiskjöl þurfa að vera undirrituð eins og breytingablöðin.

**Ef breyting verður á einhverri grein félagasamþykktar þarf að skila nýjum samþykktum í heild sinni til fyrirtækjaskrár, dagsettum og undirrituðum.**

Tilkynna þarf bæði nýja aðila inn í fyrirtækið og þá gömlu út.

**Kostnaður kr. 2.650.**

Helstu breytingar, sem geta orðið á skráningu einkahlutafélaga/ hlutafélaga eftir stofnun eru eftirtaldar:

1. Breytingar á **nafni**.
2. Breytingar á **lögheimili**.
3. Breytingar á **stjórn**.
4. Breytingar á **framkvæmdastjórn**.
5. Breytingar á **prókúruhöfum**.
6. Breytingar á **hlutafé**.
7. Breytingar á **endurskoðun**.
8. Breytingar á **firmaritun, tilgangi o.fl.**

Breytingar undir **1, 2, 6 og 8** kalla alltaf á samþykktabreytingar og sömuleiðis **3**, þegar stjórnarmynstri er breytt og svigrúm er ekki í samþykktum (oftast 16. gr.) sem rúmar breytinguna. **Allar tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meirihluta stjórnar eða skráðum prókúruhafa** sbr. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (ehfl.) og 1. mgr. 149 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.).

### 1. NÝTT HEITI FÉLAGS:

Þegar tilkynna á nafnabreytingu er best að kanna fyrst hvort nýja nafnið fái skráð. Ef það er til skráð fyrir hjá fyrirtækjaskrá eða Einkaleyfastofu (sími 580-9400) fæst það ekki skráð. Nýjar samþykktir þurfa að fylgja með tilkynningunni þar sem 1. gr. þeirra breytist. Dagsetja og undirrita þarf samþykktirnar. **Nýtt nafn er skráð með þeim fyrirvara að það brjóti ekki í bága við rétt annarra til nafnsins.** Þeir sem undirrita tilkynninguna skuldbinda sig til að hlutast til um nafnabreytingu, komi í ljós við nánari athugun að nafn félagsins fái ekki samrýmst betri rétti annarra.

## 2. NÝTT LÖGHEIMILI:

Þegar tilkynntur er flutningur milli sveitarfélaga þurfa nýjar samþykktir í heild sinni að fylgja með, dagsettar og undirritaðar.

Ef flutningur fyrirtækis er innan sama sveitarfélags þurfa ekki að koma nýjar samþykktir og enginn kostnaður fylgir því.

## 3. NÝ STJÓRN:

Stjórnir skal alltaf kjósa í samræmi við það stjórnarmynstur sem samþykktir félagsins kveða á um, annars skal samþykktum breytt. Ef færri en tveir menn eru í stjórn einkahlutafélags, skal valinn a.m.k. einn varamaður **því eins manns stjórn án varamanns er ólögleg, sbr.**

### 1. mgr. 39. gr. ehfl.

Í eins manns stjórn er enginn stjórnarformaður, þá er talað um stjórnarmann og varamann. Ef einn maður er í stjórn þá má hann líka vera framkvæmdastjóri en ef fleiri **en einn eru í stjórn þá má sami maður ekki vera stjórnarformaður og framkvæmdastjóri.**

Í stjórn hlutafélaga skulu hins vegar eiga sæti fæst þrjú menn, sbr. 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga. **Í hlutafélögum má sami maður ekki vera stjórnar-formaður og framkvæmdastjóri.**

## 4. NÝIR FRAMKVÆMDASTJÓRAR:

Þegar tilkynnt er um nýjan framkvæmdastjóra **skal tilkynna út þá sem látið hafa af framkvæmdastjórn** annars teljast þeir skráðir sem slíkir áfram.

## 5. NÝIR PRÓKÚRUHAFAR:

Þegar tilkynnt er um nýjan prókúruhafa **skal muna að afturkalla prókúrumboð** þeirra sem hætta annars teljast þeir skráðir sem slíkir áfram.

## 6. HLUTAFÉ, HÆKKUN/LÆKKUN:

Þegar tilkynnt er um breytingu á hlutafé þurfa alltaf að koma til nýjar samþykktir, dagsettar og undirritaðar.

### Hækkun á hlutafé:

Taka þarf fram í tilkynningu hvort um er að ræða nýtt hlutafé eða jöfnunarhlutafé.

**Ef um nýtt hlutafé** er að ræða skal fylgja staðfesting frá óháðum lögmanni, löggiltum endurskoðanda eða skráðum skoðunarmanni.

Ef fyrirtækið er einkahlutafélag verður áskrift að hafa fengist fyrir allri aukningunni og allt hlutafé að vera innborgað.

Ef fyrirtækið er hlutafélag verður áskrift að hafa gengist fyrir allri aukningunni og a.m.k. fjórðungur að vera innborgaður.

**Þetta þarf að koma skýrt fram í tilkynningunni.** Tilkynningu skal senda innan árs frá því að ákvörðun er tekin annars missir hún gildi sitt (sjá 28. gr. ehfl. og 40. gr. hfl.)

Dæmi um yfirlýsingu óháðs lögmanns/löggilts endurskoðanda/skoðunarmanns.

*Staðfesti hér með sem lögmaður/löggiltur endurskoðandi/skoðunarmaður að ofangreind hlutafjárukning er samkvæmt lögum ákvörðun hluthafafundar og tekin í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga að öllu leyti.*

*Staður - dags. - nafn - heimili - kennitala.*

### **Lækkun á hlutfé:**

Taka þarf fram í tilkynningu hvort lækkun er vegna jöfnunar taps eða annarra ástæðna, sbr. 2. mgr. 34. gr. ehfl. og 2. mgr. 51. gr. hfl.

Ef lækkun er vegna jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt þarf **ekki** að koma staðfesting endurskoðanda eða heimild frá Viðskiptaráðuneyti. Þá nægir undirritun meirihluta stjórnar eða skráðs prókúruhafa.

Með tilkynningu um lækkun vegna annarra ástæðna en taps skal auk nauðsynlegra sönnunargagna fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félagsins og endurskoðendum um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutfjárlækkun geti farið fram. Viðskiptaráðherra veitir undanþága frá innköllunarskyldu í sambandi við lækkun hlutfjár. Tilkynningu skal senda innan árs frá því að ákvörðun er tekin annars missir hún gildi sitt.

### **7. NÝIR ENDURSKOÐENDUR/SKOÐUNARMENN:**

Ef kosinn er löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfirma með löggiltum endurskoðendum, er það fullnægjandi. Ef aðrir eru kosnir kallast þeir skoðunarmenn og skal þá kjósa varamenn fyrir þá.

**Endurskoðendur, skoðunarmenn eða varaskoðunarmenn verða að vera óháðir og mega ekki vera skyldir eða tengdir stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða prókúruhöfum viðkomandi félags.**

### **8. AÐRAR BREYTINGAR:**

Hér koma aðrar tilkynningarskyldar breytingar á starfsemi félagsins og ákvæðum félags-samþykktu. **Pegar breytingar á samþykktum eru tilkynntar, skulu nýjar samþykktir í heild sinni (dagsettar og undirritaðar) fylgja með.**

Helstu breytingar sem tilkynntar eru hér og útheimta nýjar samþykktir eru:

- Breyting á tilgangi
- Breyting á firmaritun
- Tilkynningar varðandi viðskiptahömlur og lausnarskyldu.

### **Undirskriftir:**

Peir sem mega undirrita tilkynningar til fyrirtækjaskrár eru:  
Meirihluti stjórnar, skráður prókúruhafi eða lögmaður.